

SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2025

– HEIÐARSKÓLI –



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
1. Innra mat skólans	3
Inngangur	3
Um innra mat skólans	3
2. Innra mat – Matsáætlun	3
Matsáætlun um innra mat	3
Matsáætlun skólans	4
3. Gæðaviðmið um skólastarf	5
Gæðaviðmið1 – Stjórnun og fagleg forysta	5
Gæðaviðmið2 – Nám og kennsla	6
Gæðaviðmið3 – Innra mat	6
Styrkleikar	7
Tækifæri til umbóta	8
4. Námsárangur nemenda	8
Hvaða matstæki voru nýtt til að meta árangur nemenda	8
• Staðlaðar prófanir á líkamlegri getu:	9
• Sundstig sem tekur mið af aldri og þroska nemanda	9
• Framfarir nemenda:	9
Styrkleikar	9
Tækifæri til umbóta	10
5. Viðhorf og líðan nemenda	10
Stuttur texti um viðhorfskannanir nemenda og hvaða þættir voru metnir	10
Styrkleikar	11
Tækifæri til umbóta	11
6. Viðhorf og líðan starfsfólks	11
Stuttur texti um starfsmannakönnunina og hvaða þættir voru metnir	11
Styrkleikar	12
Tækifæri til umbóta	12
7. Viðhorf foreldra	12
Stuttur texti um foreldrakönnunina og hvaða þættir voru metnir	12
Styrkleikar	13
Tækifæri til umbóta	13
8. Menntastefna og stefna skólans	14
Stuttur texti um hvaða þættir voru metnir	14

Hornsteinar stefnunnar – Læsi, sköpun og fagmennska:	14
Mat og eftirfylgni:	14
Styrkleikar.....	14
Tækifæri til umbóta	14
9. Umbótaáætlun	15

1. Innra mat skólans

Inngangur

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar varð til við sameiningu leikskólans Skýjaborgar og grunnskólans Heiðarskóla árið 2011. Upphaf skólahalds í Heiðarskóla (upphaflega Leirárskóla nær allt aftur til 9. nóvember 1965, og því fagnar skólinn 60 ára afmæli á þessu herrans ári 2025. Nemendur í grunnskólanum eru 92 í vetur og fjöldi starfsmanna eru 29, þegar allt er talið.

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Á skólaárinu 2024-2025 varð sú breyting á vinnu við innra mat að við höfum að nota BRAVOLesson kerfið til að leggja mat á valin gæðaviðmið og halda utan um niðurstöður. Gæðaviðmiðin sem stuðst er við eru frá Menntamálastofnun og skiptast í þrjú svið, þ.e. Faglegt samstarf og samræða, Nám og kennsla og Innra mat. Hverju sviði er svo skipt í nokkra undirkafla sem lagðir eru til grundvallar við innra matið á hverjum tíma. Kerfið býður einnig upp á að stjórnendur mæti í kennslustundir til að fylgjast með gæðum kennslu.

Önnur gögn sem nýtt eru við innra matið eru kannanir Skólapúlsins, bæði nemendakannanir, starfsmannakönnun og foreldrakönnun. Starfsmannasamtöl og önnur tilfallandi gögn, s.s. teymiskönnun, eru einnig höfð til hliðsjónar við gerð á umbótaáætlun.

Margir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar þurfa að mæta ólíkum þörfum nemenda og samfélagsins. Sjálfsmat skóla er stöðugt og langtímamiðað ferli sem felst í því að safna gögnum um skólastarfið, meta gæði þess og stuðla að umbótum. Markmiðið er að bæta skólastarf og deila þekkingu til að efla þróun og vöxt skóla.

Líkt og undanfarin ár hefur sérstakt sjálfsmatsteymi starfað í skólanum, skipað kennurum af öllum skólastigum og skólastjórnendum. Í teyminu á nýafstöðnu skólaár voru Heiða fyrir yngstastig, Sigurður T fyrir miðstig, Eyrún Sif fyrir elstastig, Sólrún fyrir list og verkgreinar, Sigurður Þ. og Sigríður Lára skólastjórnendur.

Grunnskólalög kveða á um að sveitarfélög beri ábyrgð á mati og eftirliti með skólastarfi. Þau þurfa að veita menntamálaráðuneytinu upplýsingar um innra og ytra mat skóla, framkvæmd skólastefnu og áætlanir um umbætur. Samkvæmt lögum annast ráðuneytið einnig greiningu og miðlun gagna um skólahald.

Skólar hafa val um hvaða aðferðir þeir nota við sjálfsmat, en ákveðin viðmið og leiðbeiningar koma frá ráðuneytinu. Til að mat teljist fullnægjandi þarf það að vera formlegt, áreiðanlegt, byggt á samstarfi, miða að umbótum og árangri, taka tillit til skólastofnunar og einstaklinga, vera lýsandi, greinandi og opið.

Um innra mat skólans

Starfsmenn skólans vinna að sjálfsmati í matshópum á tilteknum skipulagsdögum, skipting í hópa fer eftir aldurstigum og skipan í teymi. Hver matshópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefa þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir gæðaviðmiðum í BRAVOLesson: ***Framúrskarandi**; Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði. **A – Mjög gott**; Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. **B – Gott**; Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. **C – Ábótavant**; Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. **D – Óviðunandi**; Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Matsaðilar koma sér saman um eina heildareinkunn sem gefin er fyrir tiltekin matsþátt sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir.

2. Innra mat – Matsáætlun

Matsáætlun um innra mat

Að hafa skýra matsáætlun um innra mat hefur marga mikilvæga kosti. Fyrst og fremst stuðlar hún að því að markmið og tilgangur matsins séu skýr. Það hjálpar skólasamfélaginu að einblína á þau atriði sem skipta mestu máli og tryggir að matið þjóni raunverulegum umbótum í skólastarfinu.

Með vel útfærðri matsáætlun verður vinnan markvissari og skipulagðari. Hún kemur í veg fyrir að matið sé framkvæmt af handahófi eða aðeins sem formlegt verkefni án raunverulegs ávinnings. Þvert á móti verður það hluti af daglegu starfi skólans, þar sem kerfisbundið er leitað leiða til að bæta nám og kennslu.

Áætluninni er einnig ætlað að stuðla að aukinni þátttöku allra hlutaðeigandi – kennara, nemenda, foreldra og skólastjórnenda. Þegar matsferlið er skýrt og aðgengilegt verða fleiri meðvitaðir um hlutverk sitt og leggja sig fram við að taka þátt. Þannig verður innra mat ekki aðeins verkefni stjórnenda, heldur sameiginlegt umbótaferli.

Matsáætlun hjálpar skólanum einnig að safna gögnum og meta árangur á grundvelli staðreynda. Með því að byggja ákvarðanir á traustum upplýsingum aukast líkurnar á markvissum umbótum. Einnig verður auðveldara að fylgjast með þróun skólstarfsins yfir tíma og sjá hvaða aðgerðir skila árangri.

Að lokum tryggir skýr matsáætlun betri nýtingu á tíma og auðlindum skólans. Hún dregur úr óvissu, forðast tvíverknað og auðveldar skipulagningu verkefna. Matsáætlun styður einnig við þau lög og reglugerðir sem gilda um innra mat í grunnskólum og tengir matsvinnuna við stefnu og framtíðarsýn skólans.

Matsáætlun skólans

Stjórnun og fagleg forysta	2024 - 2025	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	
1.1 Samvikni í stefnumótun	X				
1.2 Faglegt samstarf og samræða		X			
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	X				
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga			X		
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir			X		
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting		X			
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks				X	
Nám og kennsla	2024 - 2025	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	
2.1 Inntak og námskrá		X			
2.2 Árangur náms	X				
2.3 Gæði kennslu	X	X	X	X	
2.4 Skipulag náms		X			
2.5 Námsvitund			X		
2.6 Ábyrgð og þátttaka	X				
Innra mat	2024 - 2025	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	
3.1 Skipulag	X		X		
3.2 Framkvæmd	X		X		
3.3 Umbætur	X		X		
Námsárangur nemenda	2024 - 2025	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	

Viðhorf og líðan	2024 - 2025	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	
Skólapúlsinn 2. - 5. bekkur	X				
Skólapúlsinn 6. - 10. bekkur	X				
Starfsmannakönnun Skólapúlsins		X			
Foreldrakönnun Skólapúlsins					

Menntastefna og stefna skólans	2024 - 2025	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	
Menntastefna Hvalfjarðarsveitar 2022 - 2030	X				
Skólanámskrá Leik - og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar	X	X			

3. Gæðaviðmið um skólastarf

Stuttur texti um þá kafla sem voru metnir

Skólaárið 2024 – 2025 voru eftirfarandi þættir metnir:

Gæðaviðmið1 – Stjórnun og fagleg forysta

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Viðmið um gæðastarf

Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu, hæfniviðmiðum og markmiðum sem birtast í lögum um grunnskóla, aðalnámskrá, skólastefnu sveitarfélagsins og skólanámskrá. Þeir hafa forystu um að mótuð sé sýn og stefna skólans. Sýn skólans endurspeglar áherslu á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum. Námskrá skólans er opinber og uppfærð reglulega með öllum aðilum skólasamfélagsins. Þeir stuðla að samhljómi meðal kennara, starfsfólks, nemenda og foreldra um stefnu og starfshætti. Stjórnendur virkja alla aðila til samstarfs um að hrinda stefnunni í framkvæmd, kynna stefnuna og tala fyrir henni innan og utan skólans. Stjórnendur vinna með skólayfirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku. Stjórnendur sjá til þess að stefnan skili sér í daglegt starf með nemendum.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Viðmið um gæðastarf

Stjórnendur byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, formleg og óformleg. Samskipti við foreldra beinast að því að styrkja nám, vellíðan og farsæld nemenda í skólanum. Stjórnendur vinna að því að skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu. Stjórnendur hlusta eftir röddum grenndarsamfélagsins og leitast við að auka áhrif þeirra í stefnumótun og ákvarðanatöku. Skólastjóri stýr ir starfi skólaráðs og stuðlar að virkri þátttöku þess í stefnumótun skólans. Foreldrar taka virkan þátt í að byggja upp gott skólastarf og skapa jákvæðan skólabrag. Markviss samskipti eru við önnur skólastig, frístundastarf og grenndarsamfélag.

Gæðaviðmið2 – Nám og kennsla

2.2 Árangur náms

Viðmið um gæðastarf

Kennslan byggir á þeirri stefnu að allir nemendur geti tekið framförum með viðeigandi náms- og kennsluaðferðum. Nemendur gera ráð fyrir að ná árangri í námi. Allir nemendur sýna framfarir í námi. Markvisst er fylgst með árangri nemenda og nemendahópa og brugðist við þörfum með það að markmiði að viðhalda góðum árangri og bæta hann enn frekar.

Nemendur sýna þá náms- og lykilhæfni sem stefnt er að samkvæmt aðalnámskrá.

2.3 Gæði kennslu

Viðmið um gæðastarf

Störf kennara endurspegla stefnu og markmið skólans um kennsluhætti. Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og bekkjarstjórn. Viðfangsefni og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og sniðnir að eðli námssviða, markmiðum náms og margbreytilegum þörfum allra nemenda. Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og markvisst er fylgst með framförum sérhvers nemanda, m.a. með leiðsagnarmati sem byggist á markmiðum og viðmiðum um árangur. Í skipulagi kennara kemur fram hvernig námsaðlögun er háttað.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Viðmið um gæðastarf

Starfsfólk og nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Nemendalýðræði er virkt í skólanum, með samvinnu og lýðræðislegum vinnubrögðum í skipulagi náms og skólastarfs. Nemendur vita að markvisst er leitað sjónarmiða þeirra um námsumhverfi, námstilhögun, fyrirkomulag skólastarfs, líðan og félagslegar aðstæður í skólanum. Tekið er tillit til sjónarmiða nemenda og ríkar væntingar gerðar til þeirra allra. Nemendur eru hafðir með í ráðum um ákvarðanir sem snerta þá.

Nemendur hafa reglulega tækifæri til að ræða málefni sín með samnemendum. Nemendafélag og nemendafulltrúar í skólaráði eru virkir og upplýsa nemendur um málefni er varða þá. Nemendur gera sér grein fyrir hlutverki sínu við að skapa jákvæðan skólabrag.

Gæðaviðmið3 – Innra mat

1.1 Skipulag

Viðmið um gæðastarf

Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægt og sjálfsagt. Innra mat er markmiðsbundið og samofið daglegu skólastarfi. Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt, bæði árangur þess og gæði. Fyrir liggja áætlanir um innra mat til skemmri og lengri tíma. Val matsþátta byggist á markmiðum skólans, stefnu og viðfangsefnum og er því skiljanlegt hagsmunaaðilum og utanaðkomandi. Skólinn notar innra mat til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum skólans hefur verið náð. Með innra mati eru einnig metnar leiðir sem farnar eru til að ná markmiðunum. Skilgreind eru viðmið um þann árangur sem stefnt er að og eru þau birt (s.s. í matsáætlun/starfsáætlun/skólanámskrá)

1.2 Framkvæmd

Viðmið um gæðastarf

Nám og kennsla er metið reglulega og er hluti af daglegu starfi kennara og stjórnenda. Innra mat byggir á margvíslegum upplýsingum sem og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir. Val aðferða ræðst af viðfangsefninu, hópnum sem leitað er upplýsinga hjá og þeim spurningum sem lagt er upp með. Áhersla er á mat á námi og kennslu með ígrundun kennara. Niðurstöður sem aflað er af aðilum utan skólans eru rýndar, ræddar og nýttar með markvissum hætti til umbóta og skólaþróunar á sama hátt og niðurstöður sem aflað er af aðilum innan

skólans. Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum. Teymi með fulltrúum starfsfólks, nemenda og foreldra ber ábyrgð á innra mati ásamt skólastjórn. Markvisst hafa verið byggðar upp eigindlegar og meginlegar gagnaöflunaraðferðir og matstæki sem hafa verið aðlöguð að þörfum skólans. Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila eftir því sem við á. Matsframkvæmdin er endurmetin reglulega og reynslan af matinu ígrunduð og skráð.

1.3 Umbætur

Viðmið um gæðastarf

Greinargerðir, sem lýsa framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur eru öllum aðgengilegar og birtast opinberlega. Í greinargerð um innra mat er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta og að hve miklu leyti markmið hafa náðst. Fyllsta trúnaðar við þátttakendur er gætt með því að afmá allar persónugreinanlegar upplýsingar úr greinargerðum. Niðurstöður innra og ytra mats eru formlega kynntar hagsmunaaðilum og þeir taka virkan þátt í samræðum um umbætur. Niðurstöður eru markvisst notaðar til umbóta. Umbætur eru skilgreindar og skipulagðar á grunni greiningar og samræðna hagsmunaaðila. Tímasett áætlun um umbætur er gerð og henni er fylgt eftir með skipulögðum hætti. Í áætluninni kemur fram hverjir bera ábyrgð á verkefnum og hvenær og hvernig árangur er metinn. Matsniðurstöður hafa með skýrum hætti áhrif á starfshætti og skólinn getur sýnt fram á umbætur sem eru raktar til innra mats. Fræðslufirvöld skóla fjalla um niðurstöður innra mats og styðja við nauðsynlegar umbætur og framvindu þeirra.

Niðurstöður

Styrkleikar

Stjórnun og fagleg forysta

- Skólanámskrá skólans er opinber og uppfyllir viðmið aðalnámskrár.
- Í skólanámskrá kemur fram hvað felst í jákvæðum skólabrag.
- Starfsáætlun er samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár og birt á heimsíðu skólans.
- Stefnan er endurskoðuð reglulega með það að markmiði að efla starf skólans.
- Stjórnendur eiga aðkomu að stefnumótun og ákvarðanatöku um skólamál í sveitarfélaginu.
- Í áætlunum um nám og kennslu er gerð grein fyrir hvernig unnið er með stefnu skólans.
- Litið er á foreldra sem mikilvæga þátttakendur í ákvarðanatöku um þróun og skipulag skólastarfs.
- Formlegar samskiptaleiðir við foreldra eru skráðar í starfsáætlun eða skólanámskrá.
- Foreldrum er markvisst kynnt stöðþjónusta skólans og sveitarfélagsins og áherslur sem kom fram í Lögum um farsæld og Menntastefnu 2030.
- Upplýsingar um skólastarfið berast til allra í skólasamfélaginu.
- Lögð er rækt við að segja frá jákvæðum viðburðum eða fréttum.
- Samstarf við önnur skólastig er skráð í skólanámskrá og /eða starfsáætlun.
- Samskipti við grenndarsamfélagið eru markviss, m.a. um verkefni nemenda, svo sem starfsnám og heimsóknir.

Nám og kennsla

- Í skólanum er ríkjandi lestrarmenning þar sem unnið er markvisst að eflingu læsis í víðu samhengi í námi, kennslu og öðru daglegu starfi (má þar nefna bókasafn, námsumhverfi, upplestrarkeppnir, ofl.)
- Unnið er að því að efla lestrarhvatnemenda með eftirfarandi lykilhugtökum: aðgengi – fjölbreytt lesefni, aðstæður – að lesa daglega og umræður-tækifæri til að ræða lesefnið.
- Unnið er með fjölbreyttar tegundir læsis til að efla læsi nemenda og tengjast námssviðum (s.s. mynd-, umhverfis-, miðla-, menningar-, heilsu-, og fjármálalæsi.)
- Gerð er grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.
- Gerð er grein fyrir viðmiðunum um námsmat út frá þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar í kennsluáætlunum.
- Viðmið um árangur sem tengjast námsgreinum og lykilhæfni eru skráð og öllum aðgengileg.
- Til er skráð og opinbert verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað.

Tækifæri til umbóta

Stjórnun og fagleg forysta

- Foreldrum og nemendum er markvisst kynnt sýn og stefna skólans.
- Markvisst samstarf er um frístundastarf og/eða starfsemi félagsmiðstöðvar.
- Skólinn heldur fræðslufund að hausti fyrir skólaráð og aðra fulltrúa sem gegna trúnaðarstörfum í stjórnun og ráðum skólans. (t.d. nemendaráð/félag, stjórn foreldrafélags og skólanefnd ef við á.)

Nám og kennsla

- Fyrir liggur stefna um aðgerðir til að auka námsárangur nemenda.
- Niðurstöður sem fást með fjölbreyttu mati á læsi eru markvisst nýttar til að auka framfarir nemenda.
- Skólinn viðheldur eða bætir stöðu sína hvað varðar lesfimi nemenda út frá niðurstöðum lesfimiprófs og matsramma fyrir lesfimi sem gefin er út af MMS.
- Nemendum er gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna.
- Fjöltýngdir nemendur og nemendur af erlendum uppruna fá markvissa íslenskukennslu.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu og umburðarlyndi.
- Nemendafulltrúar í skólaráði og á öðrum nefndum á vegum skólans fá til þess þjálfun.
- Séð er til þess að upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda, þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja, séu öllum nemendum aðgengilegar.
- Rýnihópur kennara.

4. Námsárangur nemenda

Hvaða matstæki voru nýtt til að meta árangur nemenda

Á yngsta stigi voru eftirtalin matstæki nýtt til að meta árangur nemenda:

A. Læsi / Lestrarfærni

- Lesferill
- Leið til læsis (1. bekkur)
- Læsi 1.2 og 1.3 (1. bekkur) • Lesmál
- Orðarún (4. bekkur)
- LH-60 (3. bekkur að hausti)

Öll þessi matstæki eru notuð til að meta lesskilning, leshraða, orðaforða og aðrar grunnstöðir læsis.

B. Námsmat í öðrum fögum

- Kaflapróf úr Sprotu (stærðfræði og annað, eftir bókum)
- Stafsetningakannanir (íslenska)
- Lokamat í Mentor að vori (yfirgripsmikið lokamat)

C. Mat sem byggir á mati kennara og nemenda

Broskallamat (sjálfsmat og mat á líðan og viðhorfum)

Huglægt mat (kennari metur frammistöðu nemenda út frá eigin mati og reynslu)

Leiðsagnarmat (samfelld endurgjöf í námi)

Símat (mat í námsferli, oft óformlegt)

Á miðstigi voru matstækin sem notuð voru til að meta árangur nemenda þess:

- **Leikniviðmið og námsmat í Mentor** – notað til að skrá markmið og framvindu í námi nemenda.
- **Leiðsagnarmat** – nemendur fá endurgjöf í ferli með áherslu á hvað hefur gengið vel og hvað má bæta.
- **Samtöl við nemendur** – einstaklingssamtöl og nemendasjálfsmat nýtt til að auka meðvitund og ábyrgð á eigin námi.
- **Sýnishorn af vinnu** – gefa bæði kennurum og nemendum skýra mynd af þroska og þróun.
- **Stöðupróf** – t.d. í lesskilningi, stærðfræði og lesfimi sem viðmið við langtímamarkmið.

Á unglingastigi voru matstækin sem notuð voru til að meta árangur nemenda þess:

- **Leiðsagnarmat** - notað á meðan á námi stendur til að fylgjast með framvindu og styðja við nám nemandans.
- **Lokamat** - metur hvað nemandi hefur lært í lok námslotu eða viðfangsefnis.
- **Verkefnamiðað mat** - Það felur í sér að vinna raunveruleg verkefni sem tengjast námsefninu – og sýna þannig hæfni í verki.
- **Mat á þátttöku og samstarfi** - Metur félagslega og verklega þátttöku nemenda í náminu.
- **Sjálfsmat og sjálfsendurgjöf** - Kennir nemendum að meta eigin styrkleika og hvar þeir geta bætt sig.

Í íþróttum - og sundkennslu byggir námsmatið á eftirfarandi matstækjum:

- **Staðlaðar prófanir á líkamlegri getu:**
 - **Beep Test:** Metur þol og úthald nemenda.
 - **Sipppróf:** Metur samhæfingu, snerpu og þol.
 - **Armhangsæfingar:** Metur efri líkamsstyrk og úthald.
- **Sundstig sem tekur mið af aldri og þroska nemanda.**
- **Huglægt mat á hegðun og þátttöku:**
 - **Viðvera:** Skráning á mætingu nemenda í tíma.
 - **Viðleitni og þátttaka:** Mat á virkni og áhuga nemenda í tímum.
 - **Hegðun:** Mat á hegðun nemenda, samvinnu og félagsfærni í hópum.
- **Framfarir nemenda:**
 - **Einstaklingsbundið mat:** Samanburður á frammistöðu nemenda yfir tíma til að meta framfarir í líkamlegri getu og þátttöku.

Niðurstöður

Styrkleikar

Á yngsta stigi:

- Vel útfært og fjölbreytt mat á læsi – bæði formlegt og óformlegt.
- Nýting niðurstaðna læsisprófa til að skipuleggja kennslu.
- Góð notkun leiðsagnarmats og símat sem styður við námsframvindu.
- Broskallamat og huglægt mat sýnir áherslu á heilðrænt mat og líðan.

Á miðstigi:

- Góð yfirsýn yfir námsferil hvers nemanda í Mentor.

- Leiðsagnarmat er markvisst notað og nemendur eru misvirkir þátttakendur í eigin mati.
- Nemendur fá fjölbreytta endurgjöf – bæði skriflega og munnlega.

Á unglingastigi:

- Stuðlar að betra námi með því að veita nemendum viðvarandi endurgjöf.
- Veitir skýra mynd af árangri í lok námslotu.
- Sýnir hæfni nemenda í að nota þekkingu í samhengi.
- Eykur meðvitund nemenda um eigið nám.

Í íþróttum - og sundkennslu:

- Fjölbreytni í mati: Sambland af hlutlægum prófum og huglægu mati veitir heildstæða mynd af nemendum.
- Einstaklingsmiðað mat: Að fylgjast með framförum hvers nemanda gerir matið persónulegra og hvetjandi.
- Mat á félagsfærni: Að leggja áherslu á þátttöku og hegðun stuðlar að betri samvinnu og félagslegri færni nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Halda áfram að samræma matsviðmið á milli teymis og námsgreina.
- Auka fjölbreytni í notkun formlegra og óformlegra gagna – sérstaklega í skapandi greinum.
- Efla notkun nemendasjálfsmats og setja það í fastari skorður.
- Skilgreina betur hvernig við tökum mið af mati til að styðja næstu skref í kennslu og námsaðlögun.
- Kennarar vinna saman að sameiginlegum matsviðmiðum sem skapa samfellu á milli árganga og faga.
- Athuganir og vettvangsgögn – óformlegt mat byggt á daglegri kennslu og athugunum.
- Vantar betri matstæki í stærðfræði og fleiri faggreinum út frá hæfniviðmiðum.
- Að tryggja að matsaðferðir, eins og stöðluðu prófin, taki tillit til mismunandi getu nemenda og hvetji alla til þátttöku.
- Innleiða sjálfsmat og stutta ígrundun hjá nemendum reglulega.
- Gefa val um mismunandi aðferðir til að sýna lokaniðurstöðu (t.d. kynningu, greinargerð, munnlegt mat).
- Nota skýr viðmið og gátlista.
- Gefa svigrúm til að bæta og endurskoða verkefni.
- Hafa sjálfsmat reglulegan hluta af verkefnaskilum.

5. Viðhorf og líðan nemenda

Stuttur texti um viðhorfsskannanir nemenda og hvaða þættir voru metnir

Á skólaárinu 2024 - 2025 voru lagðar fyrir nemendur viðhorfsskannanir Skólalúpsins, annars vegar fyrir 2. - 5. bekk og hins vegar 6. - 10. bekk.

Í skólalúpsi 2. - 5. bekkjar var spurt um ánægju af lestri, ánægju með skólann og vellíðan í skólanum. Að auki var spurt um ánægju með matinn í skólanum, en sá þáttur mælist yfir landsmeðaltali og er um 84,4%



Í skólapúlssi 6. - 10. bekkjar var spurt um virkni nemenda, líðan og heilsu og um skóla og bekkjaranda.



Niðurstöður

Styrkleikar

- Stærsti hluti nemenda í 2. - 5. bekk hafa mikla ánægju af lestri.
- Ánægja með skólann er mikil hjá stórum hluta nemenda.
- Velliðan er almenn meðal nemenda.
- Maturinn í Heiðarskóla er af flestum talinn góður.
- Virkni nemenda í skólanum er að aukast.
- Skóla- og bekkjarandi er góður.

Tækifæri til umbóta

- Það þarf að vinna markvisst með þá einstaklinga sem ekki eru að finna ánægju af lestri.
- Einstakingsmiða námið eins og kostur til að auka ánægju þeirra sem ekki eru að finna gleðina.

6. Viðhorf og líðan starfsfólks


Stuttur texti um starfsmannakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Starfsmannakönnun Skólapúlssins var síðast tekin hjá starfsfólki Heiðarskóla í mars 2024. Fjöldi þátttakenda var 27, en svör bárust frá 26 sem gerir svarhlutfall upp á 96,3%

Þeir þættir sem voru metnir voru eftirfarandi:

1. Starfið; vinnuálag, skýrleiki hlutverks, ágreiningur um hlutverk og jákvæðar áskoranir í starfi.

2. Starfsfólk; leikni í starfi, skuldbinding til vinnustaðarins, skörun vinnu og einkalífs, ræktun mannauðs, starfsmannaviðtöl undanfarið ár og gagnsemi starfsmannaviðtala.
3. Vinnustaðurinn; starfsandi, ánægja með vinnuaðstöðu, stytting vinnuviku, ánægja með styttingu vinnuviku, stuðningur frá samstarfsfólki, stuðningur við nýsköpun, mismunur, einelti og kynferðisleg áreitni.
4. Stjórnun; stuðningur frá næsta yfirmanni, sanngjörn forysta næsta yfirmanns, valdeflandi forysta næsta yfirmanns.
5. Kennarar - kennarastarfið; ánægja með kennarastarfið, trú kennara skólans á eigin getu, upplýsingamiðlun til foreldra, áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku, undirbúningur kennslu í skólanum, öllum bekknum kennt í einu, hópavinna í bekk, einstaklingsvinna í bekk, einstaklingsmiðuð kennsla, áhersla kennara á námsmat með prófum og áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum.
6. Kennarar - starfsumhverfi kennara; stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika, stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda, faglegur stuðningur skólastjóra við kennara, samráð um kennslu og samvinna um kennslu.
7. Kennarar - símenntun kennara; fjöldi daga í símenntun undanfarið ár, símenntunarpörf kennara, hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 12 mánuði og leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni síðastliðna 12 mánuði.



Niðurstöður

Styrkleikar

- Vinnuálag og skörun vinnu og einkalífs er minna en gerist í sambærilegum skólum. Vinnustaðurinn er vel metin af starfsfólki.
- Stjórnun á vinnustað er góð að mati starfsfólks.
- Kennarar eru ánægðir með kennarastarfið.
- Stuðningsúrræði við nemendur er gott.

Tækifæri til umbóta

- Að halda áfram að efla teymisvinnu og undirbúa kennsluna í skólanum.
- Að auka fjölbreytileika í námsmati.

7. Viðhorf foreldra

Stuttur texti um foreldrakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Foreldrakönnun Skólapúlsins var síðast tekin hjá foreldrum nemenda Heiðarskóla í febrúar 2024. Fjöldi þátttakenda var 57, en svör bárust frá 46 sem gerir svarhlutfall upp á 80,7%

Þeir þættir sem voru metnir voru eftirfarandi:

1. Nám og kennsla; ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum, ánægja foreldra með stjórnun skólans, hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra og hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra.

2. Velferð nemenda; ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur, ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda, líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt, líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt, líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt, umfang eineltis í skólanum að mati foreldra, hlutfall eineltistilvika sem tilkynnt voru til skólans, ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum, ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans, meðaltím ábil eineltis og hlutfall foreldra sem vilja banna snjallsíma í grunnskólum.
3. Aðstaða og þjónusta; ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum, ánægja foreldra með tómstundaþjónustu, hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili, ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu, ánægja foreldra með máltíðir í mataráskrift og notkun á mataráskrift.
4. Foreldrasamstarf; frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi, áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur, leitað eftir tillögu m frá foreldrum og ábendingar teknar til greina, ánægja með síðasta foreldraviðtal, þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum, mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra, ánægja foreldra með heimasíðu skólans og foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá.
5. Heimastuðningur; virkni foreldra í námi barna sinna, vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu, hæfileg heimavinna að mati foreldra, tími sem foreldrar aðstoða við heimanám, væntingar foreldra um háskólanám og væntingar foreldra um iðnnám.



Niðurstöður

Styrkleikar

- Foreldrar eru í góðum samskiptum við starfsfólk skólans.
- Líðan nemenda í frímínútum er góð að mati foreldra.
- Foreldrar eru ánægðir með eineltisáætlun skólans og úrvinnslu skólans í eineltismálum.
- Aðstaða í skólanum er góð.
- Ánægja er með tómstundaþjónustu og hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili er hærra en gerist á landsvísu.
- Mikil ánægja hjá foreldrum með máltíðir sem nemendur fá í skólanum.
- Foreldrum finnst þeir hafa áhrif á ákvarðanir sem varða nemendur og tillögur og ábendingar foreldra séu teknar til greina.

Tækifæri til umbóta

- Virkni foreldra í námi barna sinna.
- Þátttaka foreldra í gerð námsáætlana með sínum börnum.
- Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám.
- Væntingar foreldra um frekari námsgöngu barna sinna.

8. Menntastefna og stefna skólans

Stuttur texti um hvaða þættir voru metnir

Heiðarskóli vinnur markvisst að innleiðingu Menntastefnu Hvalfjarðarsveitar með skýrum markmiðum, aðgerðum og mati á lykilsviðum skólastarfsins. Áherslan er á jákvæða skólamenningu, lýðræðislega þátttöku, heilbrigði og velferð, jöfn tækifæri og umhverfisvitund.

Hornsteinar stefnunnar – Læsi, sköpun og fagmennska:

- **Læsi:** Byrjendalæsi á yngsta stigi og þróunarverkefnið **Læsi fyrir lífið** (2023–2027) eru megináherslur.
- **Sköpun:** Skapandi starf er samþætt í gegnum þemaviku, list- og verkgreinar og útikennslu.
- **Fagmennska:** Teymiskennsla og símenntun í formi leiðsagnarnáms og læsisverkefna styrkja faglegt samstarf kennara.

Mat og eftirfylgni:

Innleiðingin byggir á stöðugu sjálfsmati, matskvarða (grænt-gult-rautt) og verkefnaskrár með skýrum tímarömmum. Flest verkefni eru viðvarandi eða með markvissum lokatímamörkum á árunum 2025–2027.

Innleiðingin er yfirgripsmikil og vel byggð upp – en með því að **skilgreina mælikvarða betur, tengja aðgerðir saman og virkja fleiri hópa markvissar**, má styrkja framkvæmdina og tryggja raunveruleg áhrif Menntastefnunnar.

Niðurstöður

Styrkleikar

Helstu áherslur og þróunarsvið:

1. Jákvæð skólamenning og lýðræði:

Leiðsagnarnám er lykilþáttur í að efla skólamenningu og námsumhverfi, ásamt vikulegum bekkjarfundum, samstarfi nemenda og bekkjarsáttmálum. Einnig eru nemendafélag og nemendafélag nýtt til að auka lýðræðislega þátttöku nemenda.

2. Heilbrigði og velferð:

Skólinn vinnur að því að efla seiglu og sjálfsmynd nemenda í gegnum fræðsluerindi, lífsleikni og forvarnir. Verkefnið „Heilsueflandi skóli“ með áherslu á geðheilbrigði er í undirbúningi og unnið er að betri næringarmeðvitund í mötuneyti.

3. Jöfn tækifæri og fjölmening:

Áhersla er lögð á fjölmenningslegt samfélag með fjölmenningsarviku, fræðslu gegn fordómum og innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið „Læsi fyrir lífið“ styður einnig við námsaðlögun og fjölbreytileika nemendahópsins.

4. Umhverfisvitund:

Unnið er að uppbyggingu útinámssvæðis í samstarfi við nemendur og stjórnsýslu, auk áframhaldandi vinnu umhverfisnefndar.

Tækifæri til umbóta

1. Tímasetningar og mælanleiki

- **Óskýrar tímasetningar** eru á sumum lykilverkefnum, s.s. „viðvarandi“ eða „hefst strax og er viðvarandi“ – sem getur gert eftirfylgni og árangursmat ómarkviss.
- **Tækifæri:** Skilgreina tímamörk skýrar (t.d. endurskoða árlega, meta á ákveðnum dagsetningum) og bæta reglulegri endurskoðun við „viðvarandi“ verkefni.

2. Dýpt mats og árangursviðmiða

- Mörg verkefni eru metin með einföldum kvarða eins og „grænt, gult, rautt“ eða „gert/ekki gert“, án frekari útskýringa.
- **Tækifæri:** Dýpka matsaðferðir með eiginlegum gögnum (viðtöl, rýnihópar), eða með skýrum árangursviðmiðum (t.d. „90% nemenda geta útskýrt Barnasáttmálann“).

3. Samræming fjölmenningar og lýðræðis

- Verkefni um fjölmenningu og réttindi eru góð, en virðast að mestu standa ein og sér.
- **Tækifæri:** Tengja betur við lýðræðisvinnu (t.d. nota nemendaping til að ræða fjölmenningu, virkja nemendur í fræðsluverkefnum).

4. Upplýsingamiðlun og foreldrasamstarf

- Aðeins eitt verkefni nefnir beint foreldra: fræðsluerindi um seiglu.
- **Tækifæri:** Efla hlut foreldra með skýrari upplýsingamiðlun og þátttöku í verkefnum, t.d. um Barnasáttmálann eða fjölmenningu.

5. Heilsueflandi skóli – úr könnun í framkvæmd

- Áform eru um að skoða verkefnið Heilsueflandi skóli, en ekkert er sagt um að það verði formlega innleitt.
- **Tækifæri:** Taka ákvörðun um að hefja verkefnið með skýrum aðgerðum og þátttöku nemenda/foreldra/starfsmanna.

6. Upplifun nemenda og starfsmanna

- Lýðræðisleg vinnubrögð eru til staðar, en ekki er minnst á hvernig skoðanir nemenda og starfsfólks eru nýttar í þróunarvinnu.
- **Tækifæri:** Innleiða kerfisbundna þátttöku (t.d. spurningakannanir, nemendaryni) til að móta og aðlagða aðgerðir.

9. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun



Svið - Nám og kennsla

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
2.2 Árangur náms. Deild Grunnskóli Ábyrgð Stjórnendur, .	Fyrir liggur stefna um aðgerðir til að auka námsárangur nemenda.	Að búa til skýra verkefna um viðbrögð og eftirfylgni til að auka námsárangur. Fyrsta skref er að uppfæra Læsisstefnu Heiðarskóla. Að auki er mikilvægt að kennarar rýni þau gögn sem þeir hafa yfir námsárangur sinna nemenda og leggi til í samráði við nemendur hvað hægt sé að gera til að bæta námsárangur.	30/06/2025	Kennarar, „ Sigurbjörnsdóttir, Sigurður, Stjórnendur, “	Í vinnslu	Komið í ferli - Já / Nei	Ný og uppfærð Læsisstefna kynnt öllum kennurum og birt í aðgengilegu formi. Allir kennarar hafa að lagmarki einu sinni á önn skoðað námsárangursgögn með hverjum nemanda og rætt um leiðir til úrbóta. Nemendur geta nefnt a.m.k. eitt atriði sem þeir vinna markvisst að til að bæta sig í námi. Ferli við eftirfylgni (t.d. reglulegar samtalslotur, einfalt skjalakerfi) innleitt í öllum bekkjum. Kennarar nýta gögn (t.d. niðurstöður úr prófum, verkefnum, rýnihópum) reglulega við undirbúning kennslu, Matsrammi.
	Niðurstöður sem fást með fjölbreyttu mati á læsi eru markvisst nýttar til að auka framfarir nemenda.	Að nýna betur í niðurstöður um mat á læsi og fylgja ákveðnum verklagsreglum varðandi viðbrögð og eftirfylgni til að bæta árangur.	30/06/2025	Kennarar, „ Sigurbjörnsdóttir, Sigurður, Stjórnendur, “	Í vinnslu	Gert eða ekki gert.	Hlutfall kennara sem segist styðjast við lestraráætlun eða viðbragðsferla í kennslu eykst (t.d. í könnun). Samræmi eykst milli kennara í verklagi og stuðningi við nemendur með læsi sem áskorun.
	Skólinn viðheldur eða bætir stöðu sína hvað varðar lesfimi nemenda út frá niðurstöðum lesfimiþrófs og matsramma fyrir lesfimi sem gefin er út af MMS.	Að nýta Matsramma betur. Koma á reglulegu mati á lestrarfærni, sem tekur mið af Matsramma fyrir lesfimi.	30/06/2025	Kennarar, „ Stjórnendur, “	Í vinnslu	Stefnt að því að leggja reglulega (c.a. 1 - 3x á skólaári) fyrir ákveðna aldursþópa próf. Haldið utan um mælingar og þær geymdar í persónuöppum nemenda.	Þegar það er orðið viðtekið verklag og hluti af Læsisstefnu skólans að nemendur vinni að því að bæta lesfimi sína í samræmi við læsisviðmið matsramma.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Frumkvæði nemenda	Gengið er út frá því að nemendur sýni frumkvæði við val á viðfangsefnum, leiðum og úrlausnum innan þess ramma sem kennarar setja.	30/06/2025		Ekki byrjað	Matslisti/ Könnun	Að nemendur séu leitandi og virkir í sínu námi.
	Námsaðferðir	Nemendur þekkja eigin námsstíl og hafa val um margvislegar leiðir að markmiðum og námsaðferðir.	30/06/2025	Kennarar, „ Stjórnendur, “	Í vinnslu	Matslisti/ Könnun	Val um fjölbreyttar námsleiðir.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
2.3 Gæði kennslu Deild Grunnskóli Ábyrgð Stjórnendur, .	Fjölytngdir nemendur og nemendur af erlendum uppruna fá markvissa íslenskukennslu.	Að passa upp á skipulag og tíma, þannig að nemendur af erlendum uppruna fái markvissa íslenskukennslu.	30/06/2025	Kennarar, „ Sigurbjörsson, Sigurður, Stjórnendur, .	Í vinnslu	Gert eða ekki gert.	Að þeir nemendur sem eru af erlendum uppruna eða tvítyngdir fái stuðning í íslensku ef á þarf að halda.
	Nemendum er gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna.	Að temja sér það verklag að gera nemendum grein fyrir markmiðum námsins. Bæði hvað varðar einstakar kennslustundir þegar það á við og við upphaf námslota.	30/06/2025	Kennarar, „ Sigurbjörsson, Sigurður, Stjórnendur, .	Í vinnslu	Gert eða ekki gert.	Að það sé viðtekið verklag að gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda eða verkefna.
2.6 Ábyrgð og þátttaka Deild Grunnskóli Ábyrgð Stjórnendur, .	Séð er til þess að upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda, þar sem kjörinir fulltrúar nemenda sitja, séu öllum nemendum aðgengilegar.	Upplýsingum miðlað til nemenda með því að fulltrúar nemenda í ráðum og nefndum fái tíma hjá umsjónakennurum á sínu námsstigi til að kynna fundargerðir.	30/06/2025	Sigurbjörsson, Sigurður	Í vinnslu	Komið í ferli - Já / Nei	Upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda, þar sem kjörinir fulltrúar nemenda sitja, eru öllum nemendum aðgengilegar.
Nemendur Deild Grunnskóli Ábyrgð Stjórnendur, .	Aðkoma nemenda að ákvörðunum um skólastarfið í heild	Að nemendur séu virkir þátttakendur í ákvörðunum á flestum sviðum skólastarfsins ásamt kennurum, stjórnendum og foreldrum.	30/06/2025		Ekki byrjað	Matslisti	Marka leiðir til að nemendur geti haft áhrif á skólastarfið.
	Aukin ábyrgð nemenda á eigin námi	Að efla sjálfstæði í vinnubrögðum. Vinna í auknu mæli út frá áhugasviði nemenda. Auka virka markmiðasetningu varðandi nám hvers og eins.	30/06/2025	Kennarar, „ Stjórnendur, .	Í vinnslu	Matslisti/ Könnun	Þátttöku nemenda í endurskoðun námsáætla. Skipuleg samskipti og umræður við nemendur um eigin skóling og framtíðir.
	Endurgjöf til nemenda og markviss nýting námsmats	Mikilvægt er að auka umræður við nemendur um eigin skóling og framtíðir. Endurmeta þarf námsáætlanir út frá námsárangri hvers og eins, og eiga virkt samtal um nám og framtíðir við nemendur og foreldra. Passa þarf að námsmat og endurgjöf sé uppbyggilegt.	30/06/2025	Kennarar, „ Stjórnendur, .	Í vinnslu		Að horfa á einstaklinginn og getu hans til náms.

Svið - Stjórnun og fagleg forysta

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
1.2 Samvirkni í stefnumótun Deild Grunnskóli Ábyrgð Stjórnendur, .	Skólinn hefur aðgang að heildstæðri skólaþjónustu þar sem unnið er að samþættri þjónustu í þágu farsældar barna.	Að fylgja því eftir að nemendur fái þá þjónustu sem þeir þurfa, s.s. sálfræðing sem sinnir nemendaæðstöð, talmeinafræðing, geðheilbrigðisæðstöð, sjúkrapjálfun o.s.frv.	30/06/2025	Kennarar, „ Sigurbjörsson, Sigurður, Stjórnendur, .	Í vinnslu	Hefur skólinn aðgang að þeim heildstæðu skólaþjónustu sem þörf er á í þágu farsældar barna eða ekki.	Að öll börn fá þá þjónustu sem þau þurfa og eiga rétt á.
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu Deild Grunnskóli Ábyrgð Stjórnendur, .	Skólinn heldur fræðslufund að hausti fyrir skólarað og aðra fulltrúa sem gegna trúnaðarstörfum í stjórn og ráðum skólans. (t.d. nemendaráð/félag, stjórn foreldrafélags og skólaneftir ef við á.)	Að boða skólarað og aðra fulltrúa sem gegna trúnaðarstörfum í stjórn og ráðum skólans til fræðslufundar að hausti.	30/06/2025	Sigurbjörsson, Sigurður, Stjórnendur, .	Í vinnslu	Gert eða ekki gert.	Að haldinn sé fræðslufundur að hausti með fulltrúum í skólaraði og öðrum sem sinna trúnaðarstörfum fyrir nemendur.
	Stjórnendur efna reglulega til formlegra og óformlegra funda með foreldrum.	Að fylgja fundum í skólaraði og nýta þau tækifæri sem gefast til að funda formlega og óformlega með foreldrum.	30/06/2025	Sigurbjörsson, Sigurður, Stjórnendur, .	Ekki byrjað	Gert eða ekki gert.	Að skólinn eigi í góðu samstarfi við forráðamenn nemenda.
Foreldrar og grenndarsamfélag Deild Grunnskóli Ábyrgð Stjórnendur, .	Árangursríkt foreldrasamstarf	Efla samstarf skóla við heimilin og auka þátttöku foreldra í skólastarfinu. Samstarfsáætlun skólans í foreldrasamskiptum.	30/06/2025	Sigurbjörsson, Sigurður	Í vinnslu	Matslisti/Könnun meðal foreldra og forráðamanna.	Að unnið sé eftir Samstarfsáætlun skólans í foreldrasamskiptum.
	Efla foreldra sem bekkjarfulltrúa	Fá bekkjarfulltrúa úr hópi foreldra til að skipuleggja viðburði (einn á hvorn önn) til að efla tengsl og hrista hópinn saman.	30/06/2025		Ekki byrjað	metið af umsjónarkennurum og bekkjarfulltrúum.	Að það sé starfandi bekkjarfulltrúar á öllum aldurstigum og að þeir séu virkir í að skipuleggja viðburði fyrir nemendur.
	Leita eftir aðstöð sjálfbodaliða úr grenndarsamfélaginu við verkefni í skólanum.	Reynum að efla tengsl við grenndarsamfélagið með því að virkja sjálfbodaliða til þátttöku í verkefnum sem gagnast skólasamfélaginu.	30/06/2025	Sigurbjörsson, Sigurður	Í vinnslu		Að tekist hafi að efla tengsl við grenndarsamfélagið með virkri þátttöku sjálfbodaliða.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Samstarf og tengsl við samfélagið í heild, innlendar og erlendar skólastofnanir, félagasamtök o.fl. Námsferð og skólaheimsóknir.	Þátttaka/samvinna í þeim tilgangi að auka viðsýni og öðlast nýja þekkingu sem gagnast okkur í okkar störfum.	30/06/2025	Sigurþórsson, Sigurður	Í vinnslu	Matslisti	Að við nýtum þau tækifæri sem gefast til að eiga í gagnlegum samskiptum við greindarsamfélagið.
Kennarar og starfsfólk Deild Grunnskóli Ábyrgð Stjórnendur, .	Nýta aðferðir starfendaránnsóka. Halda fagfundir með þeim kennurum sem kenna tiltekna greinar, þ.e. stærðfræði og íslensku þvert á skólastigin.	Rýna og ræða mismunandi málefni skólans, t.d. útkomu úr námsmati, umbætur og þróun kennsluhátta. Starfsfólki gefinn kostur á að koma með tillögur að umræðuefni.	30/06/2025	Sigurþórsson, Sigurður	Í vinnslu		Að starfsmenn séu virkir þátttakendur í að ræða og rýna til gagns um mismunandi málefni skólans.
	Nýting tækinnar. Vinnnað að því að nota gervigreindina meira í okkar starfi.	Stöðug nýsköpun við nýtingu tækni í námi; leitt að nýjum leiðum; áhersla á skapandi vinnu.	30/06/2025	Sigurþórsson, Sigurður	Í vinnslu	Matslisti	Að við nýtum tækni og nýjungar í námi nemenda.
Skipulag og stjórnun Deild Grunnskóli Ábyrgð Stjórnendur, .	Námsskipulag	Nám að stórum hluta skipulagt í þemu /viðfangsefni þvert á námsgreinar og nemendur hafa val um viðfangsefni; vinnulotur ráðast af viðfangsefnum.	30/06/2025	Kennarar, „ Sigurþórsson, Sigurður	Í vinnslu	Matslisti/Samtal/Endurgjöf nemenda	Kennarar þurfa að undirbúa og skipuleggja kennslustundir með það í huga að nemendur vinni þvert á námsgreinar í þemavinnu.
	Samræða og endurgjöf stjórnenda	Stjórnendur fylgjast reglubundið með kennslu og taka virkan þátt í samræðu um nám og kennslu, þar sem stöðug endurgjöf er hluti af daglegu starfi.	30/06/2025	Sigurþórsson, Sigurður, Stjórnendur, .	Í vinnslu	Matslisti/Samtal	Stjórnendur þurfa að setja þessu tíma og setja inn á vikuþátt.
	Teymiskennsla. Reglulegir teymisfundir.	Auka samráð milli teyma og samstarf innan teyma með sameiginlega ábyrgð og árangur allra nemenda að leiðarhjösi. Fá inn fagþekkingu sem gagnast nemendum með námslega- og/eða félagslega erfiðleika.	30/06/2025	Kennarar, „ Sigurþórsson, Sigurður	Í vinnslu	Matslisti/Samtal	Kynningar og umræðufundir innan teyma og á milli teyma. Utanaðkomandi námskeið eða fyrirlestrar.

Svið - Innra mat

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Stefnumörkun, innra mat og starfsþróun Deild Grunnskóli Ábyrgð Stjórnendur, .	Deini um tækifæri til umbóta: Að fyrir liggi stefna um aðgerðir til að auka námsárangur nemenda...	Móta og innleiða stefnu til að auka árangur nemenda...	30/06/2026	Sigurþórsson, Sigurður	Í vinnslu		
	Heilsueflandi skóli	Starfsmenn Vinna eftir hugmyndafræði um heilsueflandi skóla. Stuðla að góðri heilsu og líðan nemenda og starfsfólks skólans. Bættur námsárangur nemenda og virk þátttaka í félagslífi.	30/06/2026	Sigurþórsson, Sigurður	Í vinnslu		Skipulag, vinnu og vilja.
	Kennsluáðferðir „Byrjendalæsi“ og „Læsi fyrir lífið“	Vinna markvisst að bættu læsi og ritun með því að tileinka sér og nýta fjölbreyttar kennsluáðferðir. Efla færni nemenda í gagnvirkum lestri og orðaforðavinnu.	30/06/2026	Sigurþórsson, Sigurður	Í vinnslu	Matslisti	Skipulag, vinnu og vilja.
	Lærdómssamfélag / Leiðsagnarnám	Stöðug áhersla á að allir nemendur læri. Samstarfsmenning og eindrægni um stuðning við nám bæði nemenda og fullorðinna. Árangursmiðaðir starfsaðferðir sem bæta vinnubrögð og drífa stöðugar umbætur áfram.	30/06/2026	Sigurþórsson, Sigurður	Í vinnslu	Matslisti	Skipulag

Svið - Menntastefna sveitarfélagsins

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Efla jákvæða menningu Deild Grunnskóli Ábyrgð Kennarar, .	Ekkert verkefni skráð						
Efla lýðræðisleg vinnubrögð Deild Grunnskóli Ábyrgð Kennarar, .	Leita reglulega eftir viðhorfum nemenda.	Halda vikulega bekkjarfundum og nemendafundum a.m.k. einu sinni á hverju skólaári.	30/06/2025	Kennarar, „ Stjórnendur, .	Lokið	Er gert eða ekki gert.	Að nemendur séu virkir þátttakendur í stefnumótun og að leitað sé eftir viðhorfum þeirra við ákvarðanatöku.
Efla seiglu, hugrekki, og sjálfsmynd nemenda Deild Grunnskóli Ábyrgð Kennarar, .	Að breyta skipulagi kennslunar frá því að vera verkefna- eða námsefnisstýrð yfir í að vinna með tilefna hæfni.	Að kennslustundin sé undirbúin í framhaldi af fyrra námi og með þá hæfni í huga sem nemendum er ætlað að tileinka sér. Tilgangurinn sé almennt skýr og nemendum sagt hvað þeir eigi að læra, vita, skilja eða geta. Viðmið segja þeim hvað þeir geti gert til að ná árangri.	30/06/2025	Kennarar, „ Stjórnendur, .	Í vinnslu	Kennari skoðar sífellt tengslin milli kennslunar og árangursnemenda og gerir umbætur í samræmi við það.	Árangur nemenda er metinn eftir því hvernig þeim tekst að tileinka sér þá hæfni sem stefnt er að. Ferlið sjálft skiptir ekki minna máli en lokaafurðin. Kennarinn metur eigin árangur út frá því hvernig honum tekst að kenna nemendum þannig að allir tileinki sér þá hæfni sem skólanámskráin / aðalnámskrá grunnskóla kveður á um.